

Alþingi - Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. nóvember 2008
Tilvísun: UST20081100021/ki

Umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um almenningssamgöngur.

Vísað er í bréf Samgöngunefndar Alþingis, dags. 4. nóvember 2008, þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um almenningssamgöngur, 44. mál, heildarlög.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir framangreint frumvarp og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Umhverfisstofnun telur að aukning hlutdeilda almenningssamgangna í samgöngum sé til bóta fyrir umhverfið og því beri að stuðla að breytingum sem hafa það að markmiði að auka þær. Markmið þessa frumvarps er að stuðla að öflugum, öruggum og hagkvæmum almenningssamgöngum í loft, á láði og legi með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Enn fremur er markmiðið að auka hlutdeild almenningssamgangna í samgöngum almennt, bæta skipulagningu þeirra og tryggja fjármögnun.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að stuðla að aukinni hlutdeild almenningssamgangna í samgöngum með skýrri lagasetningu. Það má gera hvort sem er með setningu sérlagu um almenningssamgöngur eða breytingu á gildandi lögum. Umhverfisstofnun tekur ekki afstöðu til hvor leiðin skuli farin. Að mati Umhverfisstofnunar er grundvöllur fyrir að auka hlutdeild almenningssamgangna í samgöngum að tryggja nægjanlegt fjármagn til uppbyggingu og reksturs þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

2. gr. Við greinina bætist hverjir sjái um framkvæmd laganna. Eðlilegt er að kveðið sé skýrt á um hver sjái um framkvæmd laganna. Við greinina bætist: „Framkvæmd laganna verður á hendi þeirra stofnana sem við á samkvæmt lögum um loftferðir, vegalögum og lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi. Einstök sveitarfélög bera síðan ábyrgð á framkvæmd laganna í sínu umdæmi.“


3. gr. Á eftir orðunum „Í samgönguáætlun“ í 1. ml. 1. mgr. 3. gr. komi: „sbr. lög um samgönguáætlun“. Til þess að það komi skýrt fram að átt sé við samgönguáætlun skv. lögum

um samgönguáætlun nr. 33/2008.


4. gr. Á eftir orðunum „10 þúsund íbúa er“ í 2. ml. 3. mgr. 4. gr. komi: „sveitarféluginu“. Til þess að það komi skýrt fram að sveitarfélagi er skyld að skipuleggja almenningssamgöngur, séu íbúar þess fleiri en 10 þúsund.

6. gr. Við greinina bætist takmörkun á gjaldtökuhheimild rekstraraðila. Við greinina bætist: „Gjald sem rekstraraðili almenningssamgangna innheimtir skal þó aldrei vera herra en nemur þeim kostnaði sem fellur til hjá rekstraraðila við þjónustuna“. Til þess að það komi skýrt fram að gjaldið sé innheimt til að standa undir kostnaði en ekki að skapa tekjur fyrir rekstraraðilann.

Virðingarfyllst



Helgi Jansson



Kjartan Ingvarsson
Kjartan Ingvarsson